

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 40 millj. kr. í erlendri mynt hjá Alþjóðabankanum í Washington og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 63/1950.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum nr. 127/1951. Vegna mistaka láðist að leggja frumvarp fyrir síðasta Alþingi til staðfestingar bráðabirgðalögum. Frumvarp þetta er fram borið til þess að bæta úr þeim mistökum.

Heimild sú, er felst í bráðabirgðalögum var notuð í júnimánuði 1951 til lántöku í Alþjóðabankanum vegna virkjananna.